

4. fundur samstarfsnefndar Akrahrepps og Sveitarfélagsins Skagafjarðar

Haldinn þann 11. október kl. 15 í Varmahlíðarskóla.

Fundinn sátu:

- Álfhildur Leifsdóttir, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Eyþór Einarsson, frá Akrahreppi
- Gísli Sigurðsson, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Hrefna Jóhannesdóttir, frá Akrahreppi
- Ingibjörg Huld Þórðardóttir, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Jóhanna Ey Harðardóttir, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Ragnhildur Jónsdóttir, frá Akrahreppi
- Sigfús Ingi Sigfússon, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Sigríður Sigurðardóttir, frá Akrahreppi
- Drífa Árnadóttir, frá Akrahreppi
- Róbert Ragnarsson, Freyja Sigurgeirsdóttir og Gunnar Úlfarsson frá RR ráðgjöf. Freyja ritaði fundargerð.

Gestir á fundinum voru Steinunn Arnljótsdóttir (leikskólastjóri Birkimels), Hanna Dóra Björnsdóttir (skólastjóri Varmahlíðarskóla), Herdís Sæmundardóttir (sviðsstjóri fjölskyldusviðs), Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir (félagsmálastjóri og framkvæmdastjóri málefna fatlaðs fólks á Norðurlandi vestra), Selma Barðdal Reynisdóttir (fræðslustjóri).

1. Fræðslu- og félagsmál

RR fór yfir fræðslu- og félagsmál og kallaði eftir athugasemdum og ábendingum um hvað gæti breyst ef til sameiningar kæmi. Ekki er að sjá að sameining hefði mikil áhrif á fræðslu- og félagsmál fyrst og fremst vegna þess mikla samstarfs sem er nú þegar milli sveitarfélaganna og þá sérstaklega í fræðslumálunum. Félagsþjónustan er ekki hluti af samstarfssamning sveitarfélaganna og mögulegar breytingar í þeim málaflokki voru rædd.

2. Fjármál og stjórnsýsla

RR fór yfir auknar kröfur í starfsumhverfi sveitarfélaga og þá hvað varðar m.a. stafræna stjórnsýslu. RR kallaði eftir athugasemdum um hvaða breytingar væru líklegar í núverandi stjórnskipun sveitarfélaganna ef til sameiningar kæmi. RR fór yfir fyrirkomulagið í Múlaþingi og hugmyndir sem bornar voru upp í verkefninu „Sveitarfélagið Suðurland“.

Ákveðið að fresta umræðu um stjórnsýslu.

RR ráðgjöf falið að vinna drög að minnisblaði með niðurstöðum nefndarinnar úr báðum málaflokkum.

Næsti fundur nefndarinnar verður 14. október kl. 8:30 á Zoom.

Fundi slitið kl. 17:20.

